

12. janúar 1952 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1955.

Nr. 151/1954. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

**Stefáni Eiríki Sigurðssyni**

og

**Kristjáni Nóa Kristjánssyni** (Ragnar Jónsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárússon prófessor.

Brot gegn bifreiðalögum. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Umbúnaður á palli bifreiðar ákærðu, sá er í héraðsdómi getur, fullnægði engan veginn ákvæðum 5. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937, en þau ákvæði taka til akstursins. Telja verður, að eigi hafi verið sýnd nægileg aðgæzla við aksturinn, miðað við, hversu var að fólkinu búið á pallinum. Varðar þetta ákærðu við 2. gr. laga nr. 24/1941, 27. gr. laga nr. 23/1941 og 3. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937, sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941, að því er ákærða Kristján Nóa varðar.

Með vætti vitna er í ljós leitt, að Jónas heitinn Frímannsson sleppti taki á reipi því, er farþegum var ætlað að halda sér í, án þess að akstur bifreiðarinnar hafi nokkru þar um valdið, svo að sannað sé. Þykir því eiga að sýkna hina ákærðu af ákæru fyrir brot á 215. gr. laga nr. 19/1940.

Refsing ákærðu ákveðst samkvæmt 14. gr. laga nr. 24/1941 og 38. gr. laga nr. 23/1941 600.00 króna sekt til ríkissjóðs á hendur hvorum, og komi 4 daga varðhald í stað sektar hvors, ef hún greiðist eigi, áður en liðnar eru 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði hvor laun talsmanns síns í héraði, kr. 500.00. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiði ákærðu in solidum, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærðu, Stefán Eiríkur Sigurðsson og Kristján Nói Kristjánsson, sæti hvor 600 króna sekt til ríkissjóðs og komi 4 daga varðhald í stað sektar, ef hún greiðist eigi, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Stefán Eiríkur greiði talsmanni sínum í héraði, Jónasi G. Rafnar hdl., kr. 500.00.

Ákærði Kristján Nói greiði talsmanni sínum í héraði, Friðrik Magnússyni hdl., kr. 500.00.

Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar og Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Sératkvæði

hrd. Þórðar Eyjólffssonar.

Öryggisbúnaður á palli vörubifreiðarinnar var ekki nægilega fullkominn, miðað við tölu fólks þess, sem á pallinum var, og vegalengd þá, sem fyrirhugað var að aka. Varðar vangæzla hinna ákærðu um þetta atriði við lagaákvæði þau, sem brot þeirra er heimfært undir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda, að undanteknu ákvæði 5. töluliðs 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937, sem ég tel ekki eiga hér við. Með þessari athugasemd er ég samþykkur niðurstöðu dómsatkvæðis meiri hluta dómenda.

#### Dómur sakadóms Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu

10. maí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 14. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með ákæru, útgefinni af Dómsmálaráðuneytinu 9. október s.l.,

gegn hinum ákærðu, Stefáni Eiríki Sigurðssyni útvarpsvirkja, Krabbastíg 2, Akureyri, og Kristjáni Nóa Kristjánssyni skipasmið, Hriseyjargötu 22, Akureyri.

Málið er höfðað gegn ákærða Stefáni Eiríki fyrir brot á reglugerð um gerð og notkun bifreiða nr. 72/1937, 7. gr., 3. tölul. og 5. tölul., sbr. 9. gr., umferðarlögum nr. 24/1941, 2. gr. sbr. 14. gr., bifreiðalögum nr. 23/1941, 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., og 215. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir ákærði hafa brotið nefnd ákvæði með því að aka bifreiðinni A 86, eign meðákærða Kristjáns Nóa, frá Akureyri áleiðis að Vikum á Árskógsströnd laugardagskvöldið 27. júní s.l. með 4 farþega á palli bifreiðarinnar án þess að hafa traustan sætabúnað, eins og fyrir er mælt í 7. gr., 5. tölul., reglug. nr. 72/1937, svo og fyrir að sýna ekki nægilega aðgæzlu við aksturinn, með þeirri afleiðingu, að einn farþeganna, Jónas Frimannsson, Lundargötu 11, hér í bæ, féll út af pallinum á veginn nálægt Hvammi í Arnarneshreppi og hlaut svo stórfelld meiðsli, að hann andaðist næsta morgun.

Málið á hendur Kristjáni Nóa Kristjánssyni er höfðað fyrir brot á sömu ákvæðum ofanefndrar reglugerðar og 215. gr. alm. hegningarlaga.

Hann þykir hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að láta meðákærða Stefán Eirík aka bíl sínum A 86 með 4 farþegum á palli án þess að hafa traustan sætaumbúnað, eins og fyrir er mælt í reglugerð nr. 72/1937, 7. gr., 5. tl., en það þykir hafa verið aðalástæðan til þess, að einn farþeganna féll af pallinum og hlaut svo stórfelld meiðsli að hann andaðist næsta morgun.

Þess er krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og að ákærði Stefán Eiríkur verði auk þess sviptur ökuréttindum samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga. Einnig að ákærðu verði dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar.

Hinir ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Stefán Eiríkur fæddur að Dæli, Skagafjarðarsýslu, 6. febrúar 1921 og Kristján Nói fæddur í Lambadal í Dýrafirði 30. nóvember 1896. Þeir hafa hvorugur fyrr sætt kæru eða refsingu, svo að vitað sé, fyrir neitt afbrot.

Málavextir eru eins og nú skal greina. Laugardagskvöldið 27. júní s.l., kl. 22.30 var lögreglunni hér tilkynnt, að ökuslys hefði orðið þá fyrir skömmu á veginum nálægt Hvammi í Arnarneshreppi. Lögreglumenn fóru þegar á staðinn í sjúkrabifreið ásamt héraðslækni, og einnig fór bifreiðæftirlitsmaður Snæbjörn Þorleifsson þangað í sérstakri bifreið. Þegar komið var á slysstaðinn, sem reyndist vera skammt sunnan við Hvamm, upplýstist, að þarna hefði verið á ferð vörubifreiðin A 86, eign meðákærða Kristjáns Nóa, en ökumaðurinn hafði verið meðákærði Stefán Eiríkur. Auk þessara manna hafði þetta fólk verið í bifreiðinni: Inni í húsinu við hlið ökumannsins hafði setið Yrza, kona Kristjáns Nóa, en á pallinum höfðu verið

fjórar manneskjur, ungur maður að nafni Gunnar Skarphéðinsson, meðákærði Kristján Nói, Jónas Frímannsson, 38 ára gamall, og Helga Björnsdóttir, kona hans, 33 ára að aldri. Gunnar hafði legið á pallinum, en hin þrjú höfðu setið á kassa aftan við húsið, konan í miðið, en karlmennirnir til hliðanna. Hafði Jónas heitinn, sem setið hafði hægra megin á bifreiðinni, fallið út af pallinum á greindum stað og var meðvitundarlaus, er að var komið. Hinn slasaði maður var strax borinn út fyrir veginn, og var síðan verið þar yfir honum, en jafnframt fór Gunnar Skarphéðinsson á næsta bæ, þar sem var sími, til að ná sambandi við Akureyri. Nokkrir erfiðleikar reyndust á að ná sambandi þangað, og er talið, að um ein klst. hafi liðið, frá því að slysið bar að, þar til lækni og lögreglu bar að. Eftir að þessir aðiljar voru komnir á vettvang, var hinn slasaði maður þegar fluttur á sjúkrahús Akureyrar, en hann komst aldrei til rænu og lézt þar daginn eftir.

Ákærði Kristján Nói Kristjánsson, sem gerst mátti vita um aðdraganda og atvik að greindri ferð ásamt Jónasi heitnum Frímannsyni, hefur skýrt þannig frá aðdraganda ferðarinnar og sjálfri ferðinni. Um það leyti er hann var að hætta vinnu um eftirmiðdag greindan dag, var Jónas Frímannsson, sem vann hjá honum og hafði unnið hjá honum um 10 ára bil við skipasmíðar, staddur hjá honum í bátaverkstæðinu, en hann hafði þó hætt vinnu um hádegi þann dag. Ákærði sagðist hafa vitað, að Jónas hafi átt kost á að kaupa bát af manni úti í Víkum á Árskógsströnd. Jónas bað nú ákærða að lána sér bílinn til að sækja nefndan bát. Alveg um þetta leyti komu þeir þarna að þeir ákærði Stefán Eiríkur Sigurðsson og Gunnar Skarphéðinsson, og sagðist Jónas þá fá Stefán til þess að keyra bílinn, en þeir ákærði Kristján Nói og Jónas höfðu hvorugir öku-réttindi. Þeir ákváðu síðan allir þessir fjórir að fara út á Árskógsströnd um kvöldið. Þegar heim kom, talaðist svo til með þeim Kristjáni Nóa og konu hans, Yrzu Kristjánsson, að hún væri með í nefndri ferð. Þegar átti að fara að halda af stað, kom í ljós, að kona Jónasar ætlaði einnig með, og kom hún þá einnig í bifreiðina, en ekki kvaðst ákærði hafa neitt um það vitað fyrr en þá.

Áður en lagt var af stað, var settur kassi á pall bifreiðarinnar fyrir fólkið, sem ekki komst í húsið, til að sitja á, og var breitt segl yfir, en kaðaltrossa bundin yfir bílpallinn framan við kassann, og voru kaðalstrengirnir þrír og voru hafðir með það miklum slaka, að fólkið hafði þá á knjám sér, þegar það sat á kassanum, nema Gunnar mun lítið hafa setið þar, heldur mun hann lengst af hafa setið á sjálfum pallinum. Á leiðinni út eftir tóku þau á sig krók til að koma við á Vindheimum á Þelamörk til að koma þangað hlut, og er talið, að það hafi tekið um  $\frac{1}{2}$  klst. Þegar komið var í námunda við Hörgá, var konu Kristjáns Nóa orðið kalt, og fór hún þá inn í húsið, en Helga kom þá upp á pallinn og sátu þau síðan þrjú á kassanum, eins og að framan greinir. Um þetta leyti eða nokkru

síðar, sagði ákærði, að Jónas heitinn og kona hans hafi talað um, að betra væri að snúa sér á kassanum þannig, að þau snéru bakinu í húsið, og var svo gert og snéru þau þannig, þegar slysið bar að, og í þeirri röð, sem áður greinir. Þegar þau sátu þannig, lá trossan eftir endilöngum kassanum fyrir aftan þau, og héldu þau sér í hana með því að halda með höndunum aftur með síðunum. Um það, er nú hefur verið frá greint, hefur fólkinu, sem var í bifreiðinni A 86 í greint sinn, yfirleitt borið saman, að því er máli virðist skipta og að því leyti, sem þau gátu um atvikin borið. Meðákærði Stefán Eiríkur hefur þó sagt, að aldrei hafi verið minnt á Árskógsströnd, svo að hann heyrði, í sambandi við þetta, þegar farið var í ferðina, og að hann hafi ekki vitað um, hvar Víkur þessar væru, en kveðst helzt hafa haldið, að þær væru skammt utan við Hörgá, og einnig hefur hann haldið því fram, að aldrei hafi verið talað um við sig að sækja bát heldur einungis, að ætti að skoða hann.

Auk þess er að framan greinir, hefur ákærði Stefán Eiríkur skýrt þannig frá atvikum að því, er hann fór í greinda ferð. Síðari hluta greinds laugardags var hann staddur ásamt Gunnari Skarphéðins-syni, samstarfsmanni sínum, niðri við verkstæði Kristjáns Nóa Kristjánssonar á Oddeyrartanga. Hafi hann þá hitt þá Kristján Nóa og Jónas Frímansson þar, og hafi þeir þá fært það í tal, að hann æki bifreiðinni fyrir þá út í Víkur, eins og þeir hafi orðað það, og kvaðst hann hafa lofað þessu, þar sem hann hafi ekki haft neitt að gera um kvöldið. Þá hefur ákærði borið, að þegar hann hafi komið að bifreiðinni um kvöldið, hafi verið búið að setja kassann á pallinn, og hafi hann þá óskað eftir, að fenginn væri kaðall fyrir fólkið til að halda sér í. Hann sagðist hafa tekið á kassanum og virtist hann vera vel stöðugur, enda hafi hann verið nokkuð þungur, þar sem hann var úr þykkum við. Ekkert hafði ákærði vitað, hvar eða hvenær fólkið hafði snúið sér við á kassanum, enda vissi hann ekkert um það fyrr en eftir slysið. Ekki vissi Stefán Eiríkur, hvort kassinn hefði verið festur, og mun svo ekki hafa verið. Gunnar Skarphéðinsson hefur um þessi atriði borið alveg eins og Stefán Eiríkur, en sagði enn fremur, að ekki hefði verið neitt stöðvað, þegar fólkið sneri sér á kassanum, og muni Stefán Eiríkur því ekkert hafa um það vitað.

Um akstur Stefáns Eiríks í greindri ferð hefur meðákærði Kristján Nói borið, að hann hafi ekið rólega, og sagðist hann álíta, að hraðinn hafi verið 30—35 km á klst., þegar slysið bar að. Þegar komið var út undir Hvamm, varð ákærða litið til hliðar og sá þá, að Jónas heitinn var að steypast út af pallinum. Svo að segja á sama augnabliki, sagði hann, að bifreiðin hefði verið stöðvuð, án þess að öku-manninum hefði verið gefið merki, og áleit, að hún hefði stöðvazt um 30 m frá slysstaðnum, en tók þó fram, að þetta væri aðeins ágizkun sín. Ákærði flýtti sér síðan að manningnum, sem fallið hafði af bifreiðinni og lá nú yzt á veginum með höfuðið inn á veginum og

var nú sem dauður væri. Þá bar ákærði, að enginn slingur hafi komið á bifreiðina, þegar ekin var beygjan rétt sunnan við slysstaðinn, sbr. uppdráttinn, og ekki hafi bifreiðin heldur hossazt neitt, enda hafi vegurinn þarna verið vel sléttur. Einnig bar hann, að hann minnti, að Jónas heitinn hafi verið að fara í vasa sinn til að ná sér í eldspýtu eða cigarettu og sagðist því búast við, að hann hefði sleppt af kaðaltrossunni, en kvaðst þó ekki geta staðhæft, að hann hefði alveg sleppt af henni. Ekki varð ákærði áskynja neinnar annarrar orsakar til þess, að maðurinn féll, og varð þess ekki var, að bifreiðin hreyfðist þannig til, að það hefði getað verið orsök þess, að slysið varð, og ekki hafi kassinn, sem þau sátu á, hreyfzt alla leiðina. Ekki vissi ákærði til þess, að neinn, sem á bifreiðinni var, hafi verið undir áhrifum áfengis, og sjálfur kvaðst hann ekki hafa verið það. Ekki vissi ákærði annað en að bifreiðin hefði verið í lagi, og ekki sá hann neitt athugasvert í fari Stefáns Eiríks.

Auk þess er að framan greinir, hefur Stefán Eiríkur borið eftirfarandi: Hann ók yfirleitt í þessari ferð á 30—35 km hraða miðað við klst. eftir ágizkun hans, og kvaðst hann eitt sinn á leiðinni frá slysstaðnum um kvöldið í bifreiðinni með bifreiðaeftirlitsmanninum hafa haft orð á því, að þá æki hann á svipuðum hraða og þegar slysið bar að, og hafi hraðinn þá reynzt vera 30—35 km. Þegar ákærði var kominn nálægt Hvammi, virtist honum sem eitthvað dytti niður hægra megin við bifreiðina og hemlaði hann þá samtundis, en þó ekki fullkomlega vegna fólksins á pallinum, til að athuga um þetta, en ekki varð hann þess áskynja, að honum væri gert neitt aðvart, en tók fram, að mikill hávaði hefði verið í bifreiðinni. Hann fór síðan strax út úr bifreiðinni og kom að Jónasi heitnum, þar sem hann lá á vegarkantinum, svo að segja samtímis Kristjáni Nóa. Ekki sagðist ákærði hafa orðið þess áskynja, að neinn slingur kæmi á bifreiðina, þegar hann ók beygjuna rétt sunnan við slysstaðinn eða á slysstaðnum, og sagðist myndi alveg hafa verið búinn að rétta bifreiðina af, þegar slysið varð, og ekki kvaðst hann heldur hafa verið að beygja fyrir neina ójöfnu á veginum, þegar slysið skeði, eða að hann yrði þess var, að neitt hreyfðist á pallinum, hvorki við slysstaðinn né annars staðar á leiðinni, þar til maðurinn datt á slysstaðnum. Ekki varð ákærði þess heldur var, að bifreiðin hossaðist meira á slysstaðnum en endranær. Þá sagði hann, að fólkið, sem sat á pallinum, hefði ekki minnzt á, að slæmt væri að vera þar, eða beðið hann að aka hægar. Ekki sagðist ákærði vita neitt um orsök þess, að maðurinn féll af bifreiðinni, aðra en þá, að fólkið, sem hjá honum var, hafi haft orð á því, að hann hafi ætlað að ná sér í cigarettu eða eldspýtu. Engin einkenni áfengisáhrifa sagðist ákærði hafa séð hjá Jónasi heitnum eða hinu fólkinu, sem hann var að flytja. Sjálfur kvaðst ákærði hafa verið vel fyrir kallaður við aksturinn í þetta skipti og ekki hafi hann vitað annað en að bifreiðin væri í góðu lagi.

Vitnið Gunnar Skarphéðinsson hefur borið, að hann hafi ekki vitað til, að þröngt væri um fólkið, sem sat á kassanum, og vissi ekki til, að kassinn hreyfðist neitt til á pallinum undir akstrinum. Einnig sagði vitnið, að bifreiðin hefði ekkert verið stöðvuð, þegar kassinn var færður og fólkið sneri sér á honum, og muni ökumaðurinn því ekkert hafa um það vitað. Hann sagði og, að ekið hefði verið vel alla leiðina, og telur, að hraðinn hafi aldrei farið yfir 40—50 km á klst. og síðast fyrir slysið, sagði vitnið, að hraðinn hafi ekki verið yfir 40 km á klst., og kvaðst hann álykta þetta um hraðann af því, hversu ökumaðurinn hafi verið fljótur að stöðva eftir slysið og að hann hafi aldrei fundið nein óþægindi af hraðanum og að enginn hafi minnst á, að ekið væri of hratt, heldur hafi eitthvað verið haft orð á því gagnstæða. Ekki kvaðst vitni þetta hafa orðið þess vart, að slingur kæmi á bifreiðina á slysstaðnum eða við hann eða að bifreiðin hossaðist á þessu svæði. Ekki hafði vitnið haft auga með Jónasi heitnum síðast fyrir slysið, fyrr en hann varð þess áskynja, að Jónas var að detta af pallinum, og vissi ekkert ástæðu til þess af eigin raun, en sagði, að Kristján Nói hafi haft orð á því, að hann hafi þurft að fara í vasa sinn. Ekki sá vitnið ölvun eða að annað óvenjulegt væri í fari mannanna, sem á pallinum voru, eða ökumannsins. Vitnið áætlaði vegalengdina frá bifreiðinni, þar sem hún var stöðvuð, að hinum slasaða manni hafi verið um 20—30 m, og hemlaför, sem hann sá við bifreiðina, áleit hann að hefðu verið 3—4 m, en sagðist ekki hafa athugað þetta nákvæmlega.

Vitnið Yrza Kristjánsson hefur borið, að hún hafi fyrst setið á kassanum milli manns síns og Jónasar heitins og sagði, að rúmt hefði verið um þau og að kassinn hefði verið vel stöðugur og aldrei haggast neitt. Ekki kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að neitt varhugavert væri að sitja á kassanum. Við Hörgárbrú, sagði vitnið, að ökumaðurinn hefði stöðvað og hefði beðið fólkið að gæta sín og hefði vitnið þá þakkað honum fyrir hugulsemina og hafi hann ekið enn hægar eftir það. Vitnið sagði enn fremur, að á slysstaðnum hefði verið ekið mjög varlega og kvaðst viss um, að ekið hefði verið hægar en almennt sé hér í bænum, og varð þess ekki vör, að bifreiðin rótaðist neitt til eða hossaðist eða að nein breyting væri gerð á stefnunni. Þá sagði vitni þetta, að það hefði fundið áfengislykt af Jónasi heitnum, en sagðist ekki geta fullyrt, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, en ekki kvaðst vitnið geta ímyndað sér, að þótt Jónas hefði bragðað áfengi, þá hefði það getað valdið því, að hann dytti út af bifreiðinni. Loks sagði vitnið, að það hefði verið tilgangur ferðarinnar að sækja bát, sem Jónas heitinn hefði haft í huga að kaupa, ef Kristjáni Nóa litist á hann.

Vitnið Helga Björnsdóttir hefur skýrt svo frá, að hún hafi ekki orðið þess vör, að neitt væri þröngt fyrir þau að sitja á kassanum á pallinum eða að hún væri völt í sessi, og varð hún þess ekki vör, að kassinn hreyfðist, alla leiðina. Ekki sagðist vitnið geta um sagt,

hversu hart hefði verið ekið, og ekki sagðist vitnið hafa haft nein óþægindi af hraðanum, en sagði, að það hefði eins og einhvern veginn sezt í sig, að töluverð ferð hefði verið á bifreiðinni. Um atvik að sjálfu slysinu sagði vitnið, að það hefði orðið þess áskynja, að Jónas heitinn hefði sleppt þeirri hendinni, sem hann hélt sér með, af bandinu og hafi hallað sér svölitið aftur og rétt hendina upp og telur, að hann hafi ætlað að ná sér í cigarettu í brjóstvasa sínum, en í sama mund hafi hann steypzt út af bílnum. Þá bar vitnið, að því hefði ekki fundizt nauðsynlegt að halda sér í bandið, þótt hún gerði það, en sagði, að nokkru öðru máli hafi verið að gegna um þá, sem sátu til endanna. Ekki varð vitnið þess áskynja, að bifreiðin haggast neitt frekar á slysstaðnum en endranær, og varð þess ekki vör, að slingur kæmi á bifreiðina við slysstaðinn. Vitnið kveðst ekki hafa vitað annað en að Jónas heitinn hefði verið heill heilsu og allsgáður.

Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður fór á slysstaðinn strax um kvöldið, þegar slysið varð, og athugaði vettvang ásamt lögreglumanni héðan og skoðaði einnig bifreiðina og útbúnaðinn á palli hennar og hefur gefið um það vottorð. Einnig voru teknar ljósmyndir af slysstaðnum og af bifreiðinni og uppdráttur var gerður af slysstaðnum, og hefur þetta allt verið lagt fram við rannsókn málsins. Samkvæmt vottorðinu var lengdin á kassanum 1.25 m, breidd 0.42 m og hæð 0.50 m, en breidd á palli bifreiðarinnar er 2.12 m. Öll stjórnæki bifreiðarinnar reyndust fullkomlega í lagi. Við athugun reyndist útbúnaður á palli, eins og ákærðu höfðu lýst og tilgreint er hér að framan. Samkvæmt vitnaskýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins var farið með sjúkrabifreiðina með öllu fólkinu, sem verið hafði á A 86 og eftir var, nema ökumanninn, um það bil er vitnið kom á staðinn, en það sá blóðblett á veginum, þar sem hinn slasaði maður hafði legið, og mældi vitnið frá honum að nyrðri enda hemlafara A 86 og reyndist það 20 m, en búíð var þá að færa bifreiðina. Hemlaförin voru um einn meter á lengd, og voru þau sem næst um miðjan veginn. Ekki kvaðst vitnið hafa séð nein verksummerki á slysstaðnum, sem bent gæti til, að A 86 hefði verið ekið ógætilega síðast fyrir slysið. Ekki sá vitnið neitt athugavert í fari Stefáns Eiríks annað en það, að hann hefði verið nokkuð slappur eftir slysið, og sagði, að öruggt hefði verið, að hann hefði ekki verið búinn að neyta áfengis. Þurrt var um og hjart og gott veður. Lögreglumaður gerði uppdrátt af slysstaðnum, sbr. dskj. nr. 3 í rannsókninni. Samkvæmt honum er vegurinn á slysstaðnum um 4.10 m á breidd með halla ca 1:30. Um 15 m sunnan við slysstaðinn byrjar dálítill beygja á veginum, og um beygjuna slær vegurinn sér dálítið út, svo að beygjunnar virðist lítið gæta fyrir umferðina. Eftir vitnisburðunum og ljósmyndunum að dæma var vegurinn við slysstaðinn sæmlega sléttur.

Verður nú nánar vikið að sakargiftum á hendur hinum ákærðu,

og verður fyrst athugað um sakaratriði Stefáns Eiríks. Í 3. tölul. 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937 segir, að þegar bifreiðarstjóri hefur leyft einhverjum að sitja eða standa á palli vörubifreiðar eða ofan á æki, skuli hann gæta sérstakrar varúðar. Svipaðs eðlis eru hin tilvitnuðu ákvæði 2. gr. umferðarlaga og 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaga, það er, að bifreiðarstjóra beri að sýna fyllstu aðgæzlu og varúð við akstur. Um hraðann er það að segja, að báðir hinir ákærðu hafa áætlað hann 30—35 km á klst., og bæði Yrza Kristjánsson og Gunnar Skarphéðinsson hafa talið ekið mjög gætilega. Þá hefur allt fólkið, sem á pallinum var, borið, að kassinn hafi aldrei hreyfzt, og enginn varð þess var, að slingur kæmi á bifreiðina eða að hún hossaðist á eða við slysstaðinn eða að neitt það hafi verið við aksturinn, er gæti hafa valdið því sérstaklega, að maðurinn féll út af pallinum. Einnig er upplýst, að á og við slysstaðinn var vegurinn sæmilega sléttur. Þegar á þetta er litið og annað það, er fram hefur komið við rannsókn málsins, telur rétturinn, að ekki sé leitt í ljós, að ákærði Stefán Eiríkur hafi sýnt af sér ógætni við aksturinn í greint sinn, svo að varði við hina síðastgreindu lagastaði. Í 5. tölul. 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937 segir, að þegar farþegar séu fluttir á vörubifreiðum, skuli vera traustur sætaumbúnaður með þeim hætti, sem nánar er lýst í greininni. Er þá fyrst að athuga, hvort alltaf sé skylda að hafa slíkan sætabúnað fyrir fólk, sem er flutt á palli vörubifreiðar, og ef svo er eigi, þá hvort það samt hafi verið skylt í þessu tilfelli. Samkvæmt orðalagi 3. tölul. greinarinnar er gert ráð fyrir því, að bifreiðarstjórar leyfi fólki að vera á palli vörubifreiðar eða jafnvel ofan á æki, og virðist það ekki varða neinum viðurlögum, nema ökumaðurinn gæti eigi nægilegrar varúðar. Samkvæmt 4. tölul. sömu greinar er heimilt að flytja hjálparmenn við vöruflutninga á palli vörubifreiðar, án þess að skilyrðum 5. tölul. sé fullnægt, ef traustar höldur séu á efri brún stýrishússins til að halda sér í, og sennilega gæti þetta átt við fleiri, ef líkt stæði á um þá og nægilegt rúm væri til að halda sér. Samkvæmt þessu eru nokkrar undantekningar frá því, að fullnægja þurfi 5. tölul. nefndrar greinar til að flytja megi fólk á palli vörubifreiðar, en ekki er þó vel skýrt, hvers konar frávik þetta séu. Samkvæmt eðli málsins virðist eðlilegast að líta svo á, að ákvæði 5. tölulíðs eigi einkum við fólksflutninga í atvinnuskyni eða skipulagða flutninga, sem jafna má til þess. Samkvæmt framburðum beggja hinna ákærðu átti ekkert gjald að koma fyrir þessa ferð, hvorki aksturinn eða bifreiðarlánið, og hefur ekkert fram komið í rannsókninni, er bendi til þess gagnstæða, enda áttu hér í hlut nákunnugir menn. Samkvæmt því, sem nú er greint, ásamt því, að hér var um aðeins fáar manneskjur að ræða og að allt fólkið var á góðum aldri og ekkert óvenjulegt í fari þess, þá telur rétturinn, að ákærða Stefáni Eiríki hafi ekki borið lagaskylda til að hafa sætabúnað á bifreiðinni í greint sinn, eins og fyrir er mælt í 5. tölul. nefndrar reglugerðar, og ber því einnig að sýkna hann af því atriði

ákærunnar. Með tilvísun til þess, er nú hefur greint verið, og þess, sem að framan er sagt um útbúnaðinn á pallinum, telur rétturinn, að eigi sé sannað, að ákærði Stefán Eiríkur hafi sýnt af sér gáleysi, sem talið verði að hafi orsakað dauðaslys Jónasar heitins Frímanssonar, og ber þá einnig að sýkna hann af því ákæruatriði. Eftir þessa niðurstöðu ber einnig að sýkna ákærða af kröfunni um öku-leyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði Kristján Nói Kristjánsson hefur verið ákærður samkvæmt framangreindu reglugerðarákvæði og 215. gr. alm. hegningarlaga sem eigandi bifreiðarinnar A 86. Með því að það, sem að framan er sagt um þessi ákæruatriði, á einnig við ákærða Kristján Nóa Kristjánsson, ber einnig að sýkna hann af þessu ákæruatriði og einnig 215. gr. alm. hegningarlaga. Þá ber og einnig að sýkna hann af kröfunni um greiðslu sakarkostnaðar. Samkvæmt framangreindri niðurstöðu ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað af máli þessu, þar á meðal þóknun verjenda hinna ákærðu, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 500 til hvors.

Fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri, Sigurður M. Helgason, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Hinir ákærðu, Stefán Eiríkur Sigurðsson og Kristján Nói Kristjánsson, eiga að vera sýknir af öllum ákærum í máli þessu. Ríkissjóði ber að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 500.00 í talsmannslaun til Jónasar G. Rafnars hdl. og kr. 500.00 í talsmannslaun til Friðriks Magnússonar hdl.

---

Miðvikudaginn 22. júní 1955.

Nr. 59/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**

gegn

**Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs.**

Útivistardómur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---